

Skipulagsstofnun  
Tinna Jónsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. janúar 2021  
UST202101-211/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Bugamelur - aukið malarnám. Tilkynning.**  
**Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Efnistaka hefur farið fram í svonefndum Bugamel um áratuga skeið. Talið er að þarna hefur þegar verið teknir um 250.000 m<sup>3</sup>. Nú er ráðgert að taka alls 74.000 m<sup>3</sup> til ársins 2030. Ætlunin er að haugsetja jafn mikið magn af aðfluttu efni sem verður hreinn jarðvegur. Frágangur námunnar felst í því að rækta graslendi á námusvæðinu.

Eins og fram kemur í greinargerðinni var norðurhluti námunnar innan svæðis nr. 138 á náttúruminjaskrá. Landeigandi fór fram á að afmörkun svæðisins yrði breytt og með bréfi dags. 9. maí 2011 fellst Umhverfisráðuneytið á breytingu á afmörkun svæðis nr. 138 á náttúruminjaskrá þannig að mörkin eru nú við norðurjaðar námusvæðisins.

Ljóst er að Bugamelur hefur sáralítið verndargildi eins og ástand hans er eftir áratuga efnistöku og eins og fram kemur í ofangreindu bréfi Umhverfisráðuneytisins liggur verndargildi jarðmyndana á svæðinu í Óshólum/Ósmel sem er fallegur jökulgarður. Úr því sem komið er telur Umhverfisstofnun best að ljúka efnistöku í melnum og ganga vel frá svæðinu sem er fast við Hvalfjarðarveg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
sérfræðingur